

Sp.

104. Tillaga til þingsályktunar

[84. mál]

um eignakönnun.

Flm.: Magnús Kjartansson, Ragnar Arnalds, Karl Guðjónsson, Steingrímur Pálsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta semja og leggja fyrir Alþingi eins fljótt og auðið er frumvarp til laga um eignakönnun. Skal tilgangur frumvarpsins sá að afla sem gleggstrar vitneskju um eignaskiptingu hér á landi og sérstaklega um eignasöfnun af völdum verðbólgu og gengislækkana, svo að síðar sé unnt að nota þá vitneskju til þess að afla fjár til aukins atvinnuöryggis og tekjujöfnunar.

Greinargerð.

Á undanförunum árum hafa meiri fjármunir streymt um þjóðfélagið en nokkru sinni fyrr. Aukið aflamagn og stórbætt viðskiptakjör færðu Íslendingum milljarðafúlgur aukalega ár eftir ár, auk þess sem milljarðar króna voru teknir að láni erlendis á sama tíma og fluttir til landsins. Þegar erfiðleikar steðja að eftir slíkt velmegunartímabil, er nauðsynlegt að afla sem gleggstrar vitneskju um það, hvar þessir miklu fjármunir hafa stöðvazt í þjóðfélaginu, hvernig eignaskiptingu er háttað, svo að unnt sé að jafna óhjákvæmilegum byrðum réttlátlega niður. Sérstaklega er mikilvægt að afla vitneskju um þá aðila, sem hagnast hafa á verðbólgu og opinberum aðgerðum, svo sem siendurteknum gengislækkunum, án þess að leggja af mörkum nokkra gagnlega félagslega þjónustu. Undanbragðalaus könnun á þessum aðstæðum og réttlát skattheimta í samræmi við niðurstöður hennar eru forsendur þess, að samkomulag geti tekizt meðal landsmanna um ráðstafanir í efnahagsmálum.